



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Starf Flugklasans Air 66N 9. apríl – 26 okt. 2021

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

Markaðssetning

Hlutinnir eru smám saman að komast í eðlilegra horf eftir heimsfaraldur. Hefðbundnar ferðasýningar eru að komast á dagskrá, sem og vinnustofur erlendis. Nú á haustdögum hefur Flugklasinn átt fulltrúa á eftifarandi sýningum/vinnustofum:

- VestNorden ferðasýningin í Reykjaneshús í byrjun október.
- Vinnustofa í Frankfurt í Þýskalandi í september.
- Vinnustofa í París í Frakklandi í september.
- Vinnustofur í Madrid, Bilbao og Barcelona á Spáni í október.
- Framundan eru vinnustofur í Belgíu, Hollandi og á Ítalíu (rafræn) í nóvember.

Samtals náðust fundir með um 100 ferðasöluaðilum á þessum viðburðum sem þegar eru búnir. Viðbrögð ferðaskrifstofa á þessum viðburðum hafa verið mjög jákvæðar. Flestar ferðaskrifstofur eru þó enn að ná vopnum sínum eftir Covid og hafa því margar hverjar minni mannafla og minni fjármuni til að sækja fram en áður. Áhugi þeirra á Íslandi og Norðurlandi virðist þó síst minni en áður, sem gefur góð fyrirheit fyrir komandi tíma.

Blaðamenn eru farnir að skila sér aftur eftir heimsfaraldurinn. Í sumar og haust hafa eftifarandi blaðamenn heimsótt Norðurland:

- TV Belgía kom og gerði dýrapátt um Norðurland.
- Bandaríski blaðamaðurinn Jake Emen fór um Norðurland, skrifar fyrir nokkra mismunandi miðla.
- Næst stærsti áhrifavaldur Frakklands (6pri1) kom í ágúst og fjallaði um Demantshringinn
- Jesse Scott frá Condé Nast Traveler skrifaði um Demantshringinn
- Verona Wolff frá DPA Þýskalandi var hér í júlí. Skrifaði um Demantshringinn
- The New York Times kom nú í október og ferðaðist Demantshringinn.

Efnisframleiðslu var haldið áfram á tímabilinu. Lokið var að taka upp efni (aðallega myndbönd) á söfnum og sýningum á Norðurlandi sem mun nýtast í framtíðar markaðssetningu. Jafnframt var bætt við efni sem nýtist á vefnum Upplifdu.is, en sá vefur er alltaf að eflast. Þessu til viðbótar voru keyptar um 800 ljósmyndir til að styrkja ljósmyndabankann.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Flugklasinn hefur haldið góðu sambandi við Voigt Travel síðustu mánuði og þar á bæ er stefnan enn sú sama - að byggja upp aukna umferð beint til Akureyrar til framtíðar. Ekki reyndist unnt að fljúga neitt í sumar vegna heimsfaraldursins. Vetrarferðirnar þeirra eru hins vegar komnar í sölu og áætlaðar eru 10 flugferðir frá Amsterdam til Akureyrar frá og með 11. febrúar 2022. Flogið verður á mánudögum og föstudögum yfir 5 vikna tímabil. Ferðaskrifstofa Akureyrar hefur einnig hafið sölu á bæði pókkum og stökum flugsætum í þessi flug og því gott tækifæri fyrir Norðlendinga að nýta sér það. Voigt Travel hyggur einnig á vikulegt flug frá Rotterdam næsta sumar.

Flugklasinn hélt áfram samstarfi við ráðgjafann Wietse Dijkstra, en hann var fenginn til þess að greina og kortleggja markaði í Evrópu. Markmiðið var að greina hverjir eru sterkustu markaðir Norðurlands í Evrópu og finna ferðaskrifstofur á þeim mörkuðum til þess að koma að beinu flugi til Akureyrar, svipað og Voigt Travel hefur gert frá Hollandi.

Góður árangur hefur náðst af þessu starfi og hefur Flugklasinn, ásamt Wietse, fundað með 5 ferðaskrifstofum í jafn mörgum löndum. Sérstök kynningarþýrsla var unnin fyrir hverja og eina ferðaskrifstofu, byggt á þeirra söluvörum og þörfum viðkomandi markaðar. Allt eru þetta ferðaskrifstofur sem hafa reynslu og getu til þess að standa fyrir leiguflugi beint til Akureyrar. Af þessum 5 ferðaskrifstofum hafa tvær sýnt verulegan áhuga á að standa fyrir leiguflugi til Akureyrar innan fárra ára. Flugklasinn mun halda viðræðum áfram við þessar skrifstofur og vonandi ná samningum í framhaldinu.

Fluggáttaverkefnið svokallaða, sem er samstarfsverkefni Íslandsstofu, Isavia, Markaðsstofu Norðurlands (Flugklasans) og Austurbrúar um markaðssetningu alþjóðaflugvallanna á Akureyri og Egilsstöðum, er í fullum gangi. Samið var við ráðgjafa, Hlyn Atla Sigurðsson, til þess að aðstoða við að stilla upp vænlegum leiðamöguleikum fyrir þessa flugvelli og ná sambandi við flugfélög. Hlynur er fyrrum starfsmaður Keflavíkurflugvallar og hefur mikla reynslu af vinnu sem þessari.

Hlynur sótti síðastlíðið vor, ásamt fulltrúa Íslandsstofu, rafræna ráðstefnu flugfélaga og flugvalla - Routes Reconnected. Fengust margir góðir fundir þar með flugfélögum. Jafnframt sóttu þeir félagar nú um miðjan október ráðstefnuna Routes World í Milano. Þar náðust yfir 20 fundir með flugfélögum og flugvöllum þar sem möguleikarnir á flugi til Akureyrar voru kynntir. Viðbrögðin voru góð og mun þessum fundum verða fylgt eftir á næstu mánuðum. Vonir standa til að hægt verði að nýta þessa vinnu, ásamt fyrrgreindri vinnu Flugklasans og ráðgjafa með ferðaskrifstofum, til þess að koma hér á auknu millilandaflugi áður en langt um líður.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Innra starf

Búið er að staðfesta endanlega nýjar reglur Flugþróunarsjóðs, sem samþykktar voru í byrjun árs af stjórn sjóðsins. Þessar reglur einfalda umsóknarferlið og eru til þess fallnar að gera nýtingu fjármuna sjóðsins skilvirkari. Er það í samræmi við óskir Flugklasans og mikið fagnaðarefní að þær hafi nú tekið gildi.

Flugklasinn hefur lengi barist fyrir niðurgreiðslum á verði á flugvélaeldsneyti á Akureyri og Egilsstöðum (til jafns við Keflavíkurflugvöll), svo þessi flugvellir geti verið samkeppnisfærir í því að laða til sín meira millilandaflug. Þrátt fyrir jákvæð viðbrögð margra ráðamanna hefur enn ekkert þokast í þessu máli. Flugklasinn mun endurvekja þessa baráttu um leið og ný ríkisstjórn hefur tekið til starfa og ljóst er hver mun fara með þennan málaflokk í nýrri ríkisstjórn.

Uppbyggingin á Akureyrarflugvelli er nokkurn veginn á áætlun. Reyndar kom upp að ákveðið var að bjóða út viðbyggingu flugstöðvarinnar að nýju, eftir að einungis eitt tilboð barst í fyrsta útboði (sem á endanum var svo hafnað). Var í umræðunni að útboðskröfur hefðu verið of strangar og komið í veg fyrir að byggingafyrirtæki á Norðurlandi ættu möguleika á að gera tilboð í verkið. Nú er búið að bjóða út verkið aftur með endurskoðuðum skilyrðum og útboðsfrestur rennur út í lok október. Vonir standa til að þessi seinkun á útboðsferlinu verði ekki til þess að seinka framkvæmdum, en áætlun gerði ráð fyrir að viðbyggingin myndi rísa á næsta ári og að flugstöðin verði fullkláruð með öllum breytingum um mitt ár 2023. Jafnframt að nýja flughlaðið verði þá einnig tilbúið til notkunar. Það þarf ekki að tíunda hér hve miklu máli þessi bætta aðstaða skiptir fyrir framtíðarmöguleika til þess að sækja aukna flugumferð um Akureyrarflugvöll.

Hvað er fram undan?

Flugklasinn mun halda áfram markaðssetningu til ferðaskrifstofa. Annars vegar með því að sækja sýningar og vinnustofur sem eru framundan, þar á meðal vinnustofur í Belgíu, Hollandi og Ítaliu og ferðasýningarnar Mannamót, Vakantiebeurs í Hollandi og Mid-Atlantic í Reykjavík. Hins vegar með því að halda áfram beinni sókn á ferðaskrifstofur til að setja upp leiguflug, byggt á fyrri undirbúningi og vinnu.

Jafnframt mun Flugklasinn vinna áfram náið með ráðgjafa fluggáttaverkefnisins við að ná eyrum flugfélaga og kynna Akureyrarflugvöll sem spennandi valkost. Þeim samtölum og viðræðum sem þegar eru hafnar verður fylgt eftir og möguleikar kannaðir á því að para saman flugfélög og ferðaskrifstofur til þess að koma á auknu flugi.

Vinnan með Voigt Travel heldur áfram, enda eindreginn vilji þeirra að halda áfram flugi til Akureyrar. Þeirra flugferðir hefjast að nýju í veturna og svo aftur næsta sumar. Almenn markaðssetning heldur einnig áfram með hefðbundnum hætti, sem og framleiðsla og birting á nýju efni.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Flugklasinn mun fylgjast með framgangi mála varðandi stækkun flugstöðvar og flughlaðs á Akureyrarflugvelli og veita aðhald þar, ásamt því að halda áfram að þrýsta á stjórnvöld til þess að koma á jöfnun/niðurgreiðslum vegna hærra verðs á flugvélaeldsneyti á Akureyri en í KEF og RVK.

Akureyri, 26. október 2021

Hjalti Páll Þórarinsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N